

Aðalfundur Landvarðafélags Íslands þ. 17. mars 2021 kl. 20:00

Staðsetning: Fundurinn var Zoom-fjarfundur vegna Covid-19 og fengu félagsmenn sendan tengil í pósti til að skrá sig inn á fundinn.

Dagskrá: Venjuleg aðalfundarstörf samkvæmt lögum félagsins.

Fundarritari: Nína Aradóttir.

Mæting: 34 voru á fjarfundi þegar mest var.

1. Setning aðalfundar og kosning fundarstjóra

Nína Aradóttir setur fundinn kl. 20:06. Stjórn tilnefni Sævar sem fundarstjóra og er það samþykkt. Nína Aradóttir er fundarritari. Nína fór einnig yfir tæknileg atriði fyrir fundinn.

2. Skýrsla stjórnar og umræður um hana

Nína og Eyrún kynntu skýrslu stjórnar ásamt því að sýna glærुकynningu.

Tvær athugasemdir bárust:

- Ráðstefnan sem fyrirhugað var að halda í Þýskalandi sl. Sumar var evrópuráðstefna ekki alþjóðaráðstefna.
- Nauðsynlegt er að funda með nefndum í byrjun tímabils til að auka samstarfið

Árskýrslan var kynnt og samþykkt.

Stjórn þakkaði öllum fyrir sem hafa komið að starfi félagsins.

3. Ársreikningar og umræður

Þórunn kynnti reikninga félagsins.

Linda kemur með spurningu um hækkun út af pósthólfinu og vefhýsingu. Ingibjörg Eiríksdóttir segir að það sé út af því þetta er fyrir tvo ár.

Ingibjörg Eiríksdóttir, annar skoðunarmaður reikninga, þakkar gjaldkera fyrir vel unnin störf en kemur með ábendingar. Það þarf að huga að því að millifæra reglulega inn á sparireikninginn og að passa að öll bókhaldsgögn fylgi með. Samkvæmt vinnulagi þarf einnig að leggja fyrir ¼ af þeim félagsgjöldum sem berast félaginu inn á ferðareikning. Þetta var ákveðið fyrir einhverjum árum á aðalfundi en er ekki í lögum. Ný stjórn mun athuga málið. Einnig kemur ábending um að fjárhagsstaða félagsins er nokkuð sterk og þarf því að huga að því að nýta peningana. Stjórn mun skoða þessar ábendingar en svaraði þó að þótt fjárhagsstaðan sé vissulega sterk í ár þá var einnig litlu eytt í ár enda engar ráðstefnur, ekki haustferð og ekki fundarhelgi hjá stjórninni.

Linda Björk spurði út í hver hefði fengið laun og fyrir hvað. Þórunn svaraði að Anna Þorsteinsdóttir og Stefanía Ragnarsdóttir hafi fengið laun fyrir utanvegaaksturs verkefnið sem styrkt var af Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu.

Árskýrslan var samþykkt.

4. Lagabreytingar

Benedikt kynnir lagabreytingar sem bárust frá stjórn.
Nokkrar umræður sköpuðust um þær.

Sævar situr 3. grein fram til kosningar - samþykkt

Sævar situr 4. grein fram til kosningar - samþykkt

Sævar situr 12. grein fram til kosningar en biður um að leynileg kosning fari fram þar sem umræðurnar sýndu að margar skoðanir voru lagðar fram um lagabreytinguna. Hann skipti þeim upp í þrjá hluta; lagabreytinguna sem slíka, viðbót við lagabreytinguna og bráðabirgðaákvæði.

Lagabreyting (12. grein):

23 með

2 á móti

Viðbót:

24 samþykkja

Bráðabirgðaákvæði:

21 samþykktu

4 samþykktu ekki

Lagabreytingatillögur eru því allar samþykktar.

5. Ákvörðun félagsgjalda

Þórunn kynnir að stjórn leggi til að félagsgjöld verði óbreytt en leggur til breytingar á tímasetningu innheimta, að þau verði frekar innheimt á vorin en í desember hvert ár. Ástæðan er sú að desember er óheppilegur tími og vorin henti betur því þá séu margir nýútskrifaðir landverðir að bætast í félagið og krafan er þá í heimabankanum yfir sumarið meðan á sumarlandvörslu stendur. Félagsmenn taka undir þetta þótt athugasemd berist að þau voru áður rúkkud á haustin.

Ingibjörg kemur með athugasemd frá Áróru að lækka félagsgjöld. Ástæðan er sú að félagið stendur vel núna og telur það auka líkurnar á að halda í eldri félagsmenn. Stjórn nefnir hins vegar að árið í ár var sérstakt þar sem lítið var gert út af aðstæðum og því óvenju há innistæða á reikningnum. Fundarstjóri leggur til að kosið verði um málið.

2500 kr. - 19 atkvæði

2000 kr. - 4 atkvæði

1500 kr. - 2 atkvæði

Félagsgjald í Landvarðafélag Íslands verður því óbreytt, 2500 kr.

6. Kosning í stjórnir og nefndir

Sævar biður stjórn um að fara yfir framboð en óskað er eftir þremur framboðum í stjórn, formann og tvo meðstjórnendur sem eru allir kosnir til 2ja ára. Guðrún Tryggvadóttir, Þórhallur Jóhannsson eiga eitt ár eftir sem með stjórnendur og Benedikt Traustason og Eyrún Þóra Guðmundsdóttir eiga eitt ár eftir sem varamenn.

Nína óskar eftir framboðum í formann; Nína Aradóttir býður sig fram. Annað framboð berst ekki og er hún því sjálfkjörin

Formaður kallar eftir meðstjórnendum og eftirfarandi bjóða sig fram; Hrafnhildur Vala Friðriksdóttir og Rakel Anna Boulter. Önnur framboð bárust ekki og eru þær því sjálfkjörnar.

Eftirfarandi bjóða sig fram í kjara- og laganefnd: Guðmundur Björnsson.
Fleiri framboð bárust ekki og stjórn er því falið að fylla upp í nefndina

Eftirfarandi bjóða sig fram í fræðslu- og skemmtinefnd; Helga Aradóttir, Anna Pálsdóttir og Friðgeir Jóhannes Kristjánsson.

Eftirfarandi bjóða sig fram í Alþjóðanefnd; Hrafnhildur Ævarsdóttir, Linda Björk Hallgrímsdóttir og Þórunn Sigþórsdóttir.

Eftirfarandi bjóða sig fram sem skoðunarmenn reikninga: Ingibjörg Eiríksdóttir og Áróra Bryndís Ásgeirsdóttir.

7. Önnur mál

Ályktun

Stjórn hefur borið fram ályktun sem Benedikt kynnir og snýr að frumvarpi um Hálendisþjóðgarð. Nokkrar athugasemdir berast. Stjórn gerir eftirfarandi breytingar og ber ályktunina aftur upp. Ályktunin er samþykkt.

Stofnanasamningar

Þórunn kynnir stöðuna á Stofnanasamning og Guðrún bætir við.

Nokkrar umræður skapast um Starfsgreinasambandið og stéttarfélög.

Fundur með VJP og UST

Nýlega fundaði stjórn með Umhverfisstofnun og Vatnajökulsþjóðgarði og mun í framtíðinni funda tívsva á ári með þeim.

Stjórn tilkynnir að hún muni senda út könnun fljótlega um bakgrunn félagsmanna og biður meðlimi um að svara henni.

Þóknun í launa- og kjaranefnd

Lagt er fram hvort að það eigi að veita þóknun fyrir störf í launa- og kjaranefnd. Miklar umræður fara fram um þessi mál. Loka niðurstaða sem flestir eru þó sammála er að þótt að mikil vinna liggi á þeirri nefnd núna vegna stofnanansamninga yrði þó ekki rétt að gera upp á milli nefnda og stjórnar. Ef þetta yrði tekið upp aftur þyrfti að leggja vinnu í hvernig þetta yrði sett fram.

Sú ábending kemur þó fram að sjálfsagt er að nefndar- og stjórnarmeðlimir eigi að fá umbun í einhverju formi fyrir störf sín eins og hafi tíðkast og rætt er um að nauðsynlegt sé að taka það upp aftur enda mikil vinna ynnt af hendi fyrir félagið.

Guðrún Tryggvadóttir býður sig fram í launa- og kjaranefnd og er það samþykkt.

Engar fleiri athugasemdir bárust og því slítur fundarstjóri fundinum kl. 22:31.